










Fella- og fjallgönguverkefnið: „Sveitin mín“ 2019

Fell eða fjall	Bílastæði og gönguleið	Saga	Gönguleið
 <p>Álfakirkja við Laugarvatnsvelli (600 m, 30 m hækkun)</p>	<p>Ekið er inn malarbraut sem liggur austan við Laugarvatnsvelli, og fer hann að malarnámu. Þaðan er aðeins um 600 m í Álfakirkjuna. Létt ganga. Póstkassinn er við Álfakirkjuna. Fyrir þá sem vilja meira þá er 1.9 km á Þverfellið (rauð leið, 200 m hækkun).</p>	<p>Suður af Þverfelli er melhryggur sem heitir Rani, hæsti kletturinn þar heitir Álfakirkja. Heyrðist oft messað þar til forna og söngur mikill.</p>	
 <p>Ármannsfell við Þingvelli (gul leið: 4.5 km, 600 m hækkun)</p>	<p>Rétt við þjónustumiðstöðina á Þingvöllum er keyrt til norðurs, eftir Uxahryggarvegi og bílnum lagt við Skógarhóla.</p> <p>Tvær leiðir um að velja og rauða leiðin um Fjánhúsmúla er brattari. Sú græna er meira aflíðandi en með tveimur stöllum. Toppurinn er 1.8 km inn á fjallinu. (600 m hækkun)</p>	<p>Sagnir herma að í Ármannsfelli hafi búið þurs nokkur er Ármann hét, sem hafi haft m.a. það að starfi að skipuleggja kappglímur milli kynbræðra sinna og blendinga á Hofmannaflet undir Meyjarsæti. Hofmannaflet er norðaustan við Ármannsfell.</p>	

Fell eða fjall	Bílastæði og gönguleið	Saga	Gönguleið
 <p>Kórinn, við Bláfellsháls. (1.4 km, 10 m hækkun)</p>	<p>Ekið er inn að Bláfellshálsi og rétt eftir að keyrt er yfir Grjótá þá er gott að leggja bílnum. Til dæmis við afleggjarann að Fremstaveri. Gengið er í norðurátt, upp með árfarveginum, það er nokkuð stórgrýtt, en þægilegri leið er að ganga austan við farveginn. Póstkassinn er við syðri „innganginn“ í Kórinn. Á leiðinni til baka mætti koma við í gömlu leitarmannaskýli sem er vestan við Kórinn (græn leið)</p>	<p>Kórinn: er jarðfræðilega mjög fallegur staður, sem að sumu leiti líkist Ásbyrgi fyrir norðan. Myndaðist undir lok ísaldarinnar fyrir 10 þús. árum þegar leysingavatn flæddi niður hálsinn. Leitarmannaskýlið er í gili rétt sunnan við Hellisgil, og er hellir með steinhleðslu fyrir framan. Þar var pláss fyrir 150 kindur og smala. Í honum var gist í fjallleitum, þegar afréttur var inn að Hvítá.</p>	
 <p>Vörðufell (1,8 km, 290 m hækkun)</p>	<p>250 m sunnan við afleggjarann að lðu er ekið er inn á gamlan malarveg. Þar er bílastæði. Farið um hlið og yfir girðingu á prílu, og gengið suðvestur upp Gildruskarðið.</p>	<p>Gengið er norðaustur frá vörðunni sem er efst í skarðinu og er póstkassinn staðsettur við aðra vörðu á norðaustur horni fellsins. Þar er fallegt útsýni yfir Laugarás og uppsveitirnar.</p>	
 <p>Svartagil í Haukadal (900 m, 50 m hækkun)</p>	<p>Ekið er inn í Haukadal og bílnum lagt á aðalbílastæði svæðisins. Gengið á brú yfir Kaldalæk og eftir stígnum (blár á korti) upp að salernisaðstöðu (700m) og þar eftir gengið yfir Laugá og upp eftir Svartagili (appelsínugul leið á korti, gestabók). Fyrir þá sem vilja meira: Skotmannsvörður (1.8 km, 210 m)</p>	<p>Við stíginn í Svartagili eru upplýsingaskilti um hinar ýmsu trjátegundir. Mjög falleg leið og nokkuð einföld nema að því leiti að ef gengið er ofan í giliu þá er 1 stutt en brött moldarbrekka. Ath. stígurinn að Skotmannsvörðum eru í beinu framhaldi af appelsínugulu leiðinni.</p>	